



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
MENNTAVÍSINDASVIÐ

## Stefna um rannsóknir 2015-2019

### Leiðarljós

Menntavísindasvið Háskóla Íslands einsetur sér að efla rannsóknir og þekkingu sem nýtist Íslensku samfélagi og gerir Íslenskum fræðimönnum kleift að leggja sitt af mörkum í hinu alþjóðlega fræðasamfélagi

Viðfangsefni menntavísinda ná yfir breitt svið sem varðar menntun fólks á öllum aldri. Á Menntavísindasviði starfa fræðimenn með fjölbreyttan bakgrunn og rannsóknarviðfangsefni hafa mikla skörun við önnur fræðasvið. Þetta er einn af styrkleikum sviðsins og býður upp á þverfaglegt samstarf í rannsóknum þar sem þekking og bakgrunnur rannsakenda nýtist vel.

Rannsóknarstefnan sem hér birtist er unnin í samræmi við stefnu Háskóla Íslands og rannsóknarstefnu Menntavísindasviðs frá árunum 2009-2014. Þar voru sett fjölmörg markmið sem vel hefur gengið að ná og margt hefur áunnist í rannsóknarstarfi sviðsins. Stuðningur við rannsakendur hefur verið eflur með tilkomu Menntavísindastofnunar, Ritvers og rannsóknarstofa. Samhliða því hefur rannsóknarvirkni starfsmanna aukist. Á grundvelli þess árangurs sem náðst hefur er sjónum nú beint sérstaklega að samræðu og samstarfi við starfsvettvang þeirra fagstétta sem sviðið menntar. Sérstaklega er horft til þverfaglegs samstarfs og virkari tengsla við samfélagið samhliða áherslu á aukna virkni og öflugt rannsóknarumhverfi. Til að ná þessu eru skilgreindar leiðir að þremur meginmarkmiðum og vísar sem gefa til kynna hvenær markmiði er náð. Stefnt er að því að efla innlent og alþjóðlegt samstarf um rannsóknir, að styrkja rannsóknarumhverfi og rannsóknarvirkni á sviðinu, að styrkja þekkingarsköpun og rannsóknir á starfsvettvangi þeirra fagstétta sem sviðið menntar.



## Leiðir

### I. Að efla innlent og alþjóðlegt samstarf um rannsóknir

Til að byggja upp sterkt rannsóknarsamfélag á Menntavísindasviði er mikilvægt að stuðla að samstarfi rannsakenda sem byggir meðal annars á ólíkum bakgrunni og sérhæfingu akademískra starfsmanna á sviðinu. Miklir möguleikar felast einnig í samstarfi við önnur fræðasvið Háskóla Íslands. Mikilvægt er að hlutur rannsókna sviðsins í alþjóðlegu vísinda- og rannsóknarstarfi verði eflur.

Leiðir að þessu markmiði eru:

- a. Að styðja við rannsóknarstofur og rannsóknarhópa sem vettvang fyrir innlent og alþjóðlegt samstarf rannsakenda. Þar munu nýir fræðimenn fá tækifæri til að vinna með reyndari rannsakendum.
- b. Að hvetja til samstarfs fræðimanna milli sviða Háskóla Íslands við íslenska og erlenda háskóla og rannsóknarstofnanir. Þetta birtist meðal annars í nemenda- og kennaraskiptum, akademískum gestastörfum, leiðbeiningu doktorsnema og sameiginlegum rannsóknarverkefnum.
- c. Að vinna markvisst að því að fjölga alþjóðlegum verkefnum á Menntavísindasviði með því að hvetja til alþjóðlegra tengsla. Þetta verður til dæmis gert með ráðgjöf og stuðningi við ráðstefnuhald og fundi hér á landi.
- d. Að Menntavísindasvið, í samvinnu við aðrar stofnanir Háskóla Íslands, taki virkan þátt í vinnu við að þróa upplýsingakerfi um opna gagnagrunna.

Vísar:

Á tímabilinu verður virkni í rannsóknarteymum og rannsóknarhópum aukin á sviðinu og fleiri rannsakendur sem hafa alþjóðleg tengsl.

Árið 2019 stunda 10% doktorsnema nám á grundvelli samstarfssamninga við erlenda háskóla.

Árið 2019 verða 25-30 alþjóðleg verkefni í vinnslu á Menntavísindasviði (voru 15 árið 2013).

## II. Að styrkja rannsóknarumhverfi á sviðinu og auka rannsóknarvirkni

Menntavísindasvið vinnur áfram að því að styrkja rannsóknarumhverfi á sviðinu. Í því felst að efla rannsóknarnám, auka rannsóknarvirkni starfsmanna sviðsins og sókn í rannsóknarsjóði. Efling rannsóknarnáms felst meðal annars í samstarfi við erlenda háskóla, fjölgun styrkja til doktorsnema, þjálfun leiðbeinenda og fjölgun nýdoktora við sviðið. Jafnframt þarf að huga að þjálfun í rannsóknum, bæði í grunn- og meistaranámi. Öflugt rannsóknarumhverfi styrkir nýja rannsakendur og auðveldar þeim fyrstu skrefin í markvissri uppbyggingu rannsókna.

Vegna ólíkra hlutverka deilda sviðsins er mikilvægt að hver deild standi fyrir umræðu um rannsóknir innan sinna vébanda. Umræðan ætti að beinast að því að styrkja og efla rannsóknarumhverfi og það fræðasvið sem rannsóknir deildarinnar beinast að.

Leiðir að þessu markmiði eru:

- a. Að við námslok verði nemar færir um að nýta sér rannsóknir til að þróa starf sitt.
- b. Að efla stuðning við doktorsnema, auka aðhald með námsframvindu og skapa nemum tækifæri til að vera hluti af rannsóknarumhverfi sviðsins.
- c. Að bjóða upp á fjölbreyttan stuðning og leiðsögn til að tryggja doktorsnemunum sterka handleiðslu. Gagnkvæmar skyldur og ábyrgð leiðbeinenda og doktorsnefnda verði reglulega til umræðu. Miðað er við að kennurum á sviðinu, sem uppfylli skilyrði um leiðbeinendur í viðmiðum um kröfur og gæði doktorsnáms, fjölgi jafnt og þétt.
- d. Að auka meðalfjölda rannsóknarstiga á milli ára, meðal annars með aðstoð við skrif og birtingar í ritrýndum tímaritum. Sérstök áhersla verður lögð á að styðja nýja rannsakendur við að koma rannsóknum sínum í birtingu, til dæmis með minni kennsluskyldu fyrsta árið í starfi.
- e. Að gera ábyrgð deilda á rannsóknum sýnilega og hvetja deildir til að greina sitt rannsóknarsvið og þætti sem ekki hefur verið sinnt.
- f. Að efla stuðning við gerð umsókna í samkeppnissjóði og ýta undir þátttöku starfsmanna í stjórnun opinberra sjóða.
- g. Að gæta þess að rannsóknir á Menntavísindasviði verði unnar með tilliti til siðareglna og viðmiða í rannsóknum.

Vísar:

Áherslan á rannsóknir er sýnileg í hæfniviðmiðum allra námsleiða og er fylgt eftir af námsnefndum.

Að minnsta kosti sjö doktorsnemar að lágmarki útskrifast að meðaltali á ári.

Árið 2019 uppfylla um 70% fastráðinna kennara við sviðið viðmið Miðstöðvar framhaldsnáms um hæfni doktorsleiðbeinanda.

Árið 2019 uppfylla allir fastráðnir kennarar á sviðinu lágmarksskilyrði um rannsóknarvirkni á þriggja ára meðaltali.

Deildir fá árlega yfirlit yfir stöðu deildarinnar hvað varðar rannsóknarvirkni, rannsóknarstyrki og framvindu rannsóknarnema. Rannsóknarstarf verður reglulega tekið til umfjöllunar á fundum deildanna.

Fjöldi umsókna í innlenda og erlenda samkeppnissjóði eykst um 10% á ári á tímabilinu.

Síðareglur og viðmið í rannsóknum eru sýnileg í tímaritsgreinum og í nemendaritgerðum þar sem það á við.

### **III. Að styrkja þekkingarsköpun og rannsóknir á starfsvettvangi þeirra fagstétta sem sviðið menntar**

Einn af styrkleikum Menntavísindasviðs eru sterk tengsl við starfsvettvang og samfélag fagstétta sem sviðið menntar. Mikilvægt er að byggja á þessum tengslum og efla enn frekar tengsl við íslenskt menntakerfi, heilbrigðis- og félagsmálayfirvöld og aðrar stofnanir sem tengjast viðfangsefnum sviðsins. Í því felast meðal annars reglubundnar samræður við stefnumótunaraðila, birting niðurstaðna í opnum aðgangi og þátttaka í opinberri umræðu.

Menntavísindasvið hefur ríkar skyldur gagnvart þeim faghópum sem sækja menntun sína til sviðsins og þróun þess vettvangs sem þeir starfa á, meðal annars með upplýsingamiðlun og samvinnu um rannsóknar- og þróunarstarfsemi. Mikilvægt er að leggja áherslu á að byggt verði á bestu fáanlegu þekkingu við stefnumótun, skipulag og þróun. Liður í þessu er styrkja sérstöðu sviðsins sem byggir meðal annars á samþættingu rannsókna og þróunarverkefna.

Leiðir að þessu markmiði eru:

- a. Að efla Menntavísindastofnun í hlutverki sínu sem rannsóknarstofnun og fjölga verkefnum sem unnin eru fyrir íslenskar aðstæður. Verkefni stofnunarinnar verða kynnt reglulega innan sviðsins.
- b. Að vinna enn frekar að því að vekja athygli á niðurstöðum rannsókna sviðsins á hverjum tíma.

- c. Að hvetja rannsakendur til að gera niðurstöður rannsókna sinna aðgengilegar þeim sem nýta þær í störfum og stefnumótun, meðal annars með birtingum í opnum aðgangi og þátttöku í opinberri umræðu.
- d. Að ýta undir að rannsóknar- og þróunarverkefnum verði fléttað saman, sem felur meðal annars í sér kerfisbundið mat á árangri rannsákenda og birtingu niðurstaðna á ritrýndum vettvangi.
- e. Stuðlað verði að því að styrkja þekkingu og hæfni til að vinna samþætt rannsóknar- og þróunarverkefni, meðal annars með umræðu um rannsóknarsnið slíkra rannsóknarverkefna, aðferðafræði, birtingar og gæði.
- f. Að hlúa að samstarfsnetum Menntavísindasviðs og fagstétta sem sviðið menntar.

Vísar:

Starfsfólk sviðsins fær reglulega fréttir um verkefni sem eru í vinnslu hjá Menntavísindastofnun.

Ferli um upplýsingamiðlun er skilgreint og virkt, svo sem rafræn miðlun, málstofur og fréttaveitur.

Virk samræða er um rannsóknir þar sem rannsóknar- og þróunarverkefnum er fléttað saman.

Skilgreind viðmið um ábyrgð, skyldur og vinnulag í samstarfsnetum sviðsins eru til.

Haldið er yfirlit um þátttöku starfsmanna sviðsins í opinberri umræðu.

Yfirlit yfir virk samstarfsnet sviðsins og starfsvettvangs er til sem nær meðal annars til tilgangs þeirra og starfsaðferða.